

■ **Alain Sayag**, safnvörður við Pompidou-safnið í París, er staddur hér á landi til að fylgjast með uppsetningu sýningarinnar *Matta* og svo framvegis. *Guðrún Vilmundardóttir* hitti Sayag á Kjarvalsstöðum og talaði við hann um surrealistann Roberto Matta, gullöld stofnana og gamaldags frammúrstefnu

Listmálarar eru oft ekki mjög greindir

– segir Alain Sayag listfræðingur

Matta vill ekki kalla sig ekki málara; það er starfsheiti. Hann er maður sem framleiðir myndir. Matta var meðlimur surrealistahópsins í París, sem dafnaði í lok fjórða áratugarins og á þeim fimmta. Hann var arkitekt, en kynni hans af André Breton gáfu honum löngun til að túlka þann veruleika sem skiptir máli, með myndlist. Matta var alltaf undir miklum áhrifum af kunningsskap sínum við Breton, jafnvel þó hann hafi lent uppá kant við surrealistahópin um tíma. Hann var reyndar rekinn úr hópnun árið 1948, en ástæður þess voru persónulegar og smávægilegar. André Breton átti það til að reiðast mikið útáframt.

Matta vill með verkum sínum tjá heim, þar sem hugmyndir málarsins hitta tímann. Málverk er ekki gluggi úti veröldina, heldur leið til þess að gera myndir af veröld sem við vitum að er til, en vitum ekki hvernig á að tjá. Þessi heimur er að vissu leyti skáldskapur – hvernig á að tjá hann fyrst hann er ekki sýnilegur? Afhverju er maðurinn ávallt viðmiðunin, þó heimurinn sé ríkari og flóknari en hann? Þetta vill Matta tjá með málverki, teikningum og skúlptúrum. Þessari hugmyndafræði hefur hann alltaf fylgt, og hún hefur haft áhrif á fjölmarga yngri málara.

Hvar gætir áhrifa hans helst?

„Matta er fæddur árið 1911 í Chile, og hefur þess vegna gjarnan verið skipað í svokallaðan Suður-Amerikuflokk. Sem er mjög einfölduð mynd. Hann á rætur að rekja til Frakklands þó hann sé fæddur í Chile, árið 1930 fór hann til Evrópu og hefur ekki sest að í Chile síðan. Reyndar talar hann sjálfur oft um að hann eigi rætur að rekja til Baskahéraðanna – en eðli Baskanna er að vera útlagar í fódurlandinu. Þannig fá menn hæfileika – sem Íslendingar virðast hafa líka – til að aðlagast ólíkum menningarheimum, án þess að glata eigin menningu.

Á stríðsárunum bjó Matta í Bandaríkjunum, og flutti aftur til Evrópu 1947. Hann gegndi mikilvægu hlutverki meðal evrópskra surrealista, sem hópuðust til New York á þessum árum. Hann var einn fárra sem talaði ensku, þar ungar og kraftmikill og varð mikilvægur tengiliður amerískra listamanna og evrópsku surrealista. Þetta tímabil er mjög mikilvægt í bandarískri myndlist, og áhrif, til dæmis á Gorki og Pollock, voru sterk. Allir fóru surrealistarnir aftur heim til Evrópu – en Ameríkanar eru enn uppteknir af þessu tímabili; þarlandir safnarar og söfn hafa helstan áhuga á verkum Matta frá þessum árum.“

Öll verkin á sýningunni á Kjarvalsstöðum eru í eigu listamannsins?

„Það er mun þægilegra, ef það er mögulegt, að fá öll verkin frá listamanninum, heldur en að lána þau héðan og þaðan. Verkin, sem eru öll frá síðustu tíu árum, eru valin í samráði við G. Ferrari sem hefur gert katalóginn – ég held utanum þetta og fylgi sýningunni úr hlaði. Matta er viljugur að halda sýningar, en hann skiptir sér ekki mikið af því hvaða verk eru valin. Einsog sannir listamenn er hann upptekinn af því sem hann er að gera og sækir kraft í það sem hann á eftir að gera – en gert er gert. Sýningin var sett saman fyrir stórt gallerí í Mílanó í sumar. Hún er sterk og í henni er gott samhengi, og því höfum við hug á að sýna hana víðar. Að öllum líkindum fylgjum við henni héðan til Noregs.“

Okkar er að veita tækifærin

Í lok sjötta áratugarins unnu Matta og Erró saman nokkrar myndaseríur. Hvernig bar það að?

„Matta hefur ávallt tekið vel á móti ungum listamönnum og hefur yndi af því að hjálpa þeim. Honum er líklega í fersku minni þær góðu móttökur sem



Verk eftir Roberto Matta

hann fékk þegar hann kom ungur maður til Parísar, og hefur veitt mörgum hjálparhönd. Matta og Erró unnu saman teikningar, í tvennum tilgangi. Í fyrsta lagi var það ákveðin vinnuáferð surrealista. Það er að segja að einhver byrjaði á teikningu, en haldi sinn hluta, og sá næsti hélt áfram án þess að sjá upphafið. Þessi aðferð er mjög hvetjandi og eykur sköpunarmátt. Í öðru lagi var þetta aðferð til þess að hjálpa ungum listamönnum fjárhagslega – Matti var þegar mjög virtur, og þessar teikningar voru góð leið til þess að koma ungum mönnum á framfæri. Þetta hefur örugglega skipt Erró, og hans síðari frama, heilmiklu máli.

Þegar Matta kom til Parísar, á fjórða áratugnum, var borgin aðkomumönnum vingjarnleg... einsog ég vona að hún sé enn. Þó ég þori ekki að fara með það.“

Þitt starf felst meðal annars í því að fylgja svona stórum sýningum á milli landa – hvert er mikilvægi þeirra? Er verið að þjóna listamanninum, almenningsi eða öðrum listamönnum?

„Fyrir listamann einsog Matta skiptir svona sýning ekki miklu máli – en þetta er kannski glannalega orðað. Það sem skiptir hann máli er verkin sem hann er að vinna og vitsmunaleg örvun. Auðvitað eru listamenn viðkvæmir fyrir viðurkenningu, og hann hefði haft gaman af að koma hingað til þess að hitta fólk og kynast ólíkum þankagangi. En hann er orðinn fullorðinn og hefur ekki krafta til að ferðast mikið. Kraftana fara í vinnuna. Það er ekki hans hlutverk að sjá um að verkin hans séu í umferð, heldur okkar, sem skipuleggjum svona sýningar.

Það er ekki nóg að sjá myndir af listaverkum, heldur verður fólk að fá tækifæri til þess að berja þau augum. Okkar hlutverk er að veita þessi tækifæri, síðan verður fólk að gera það upp við sig hvort það notar þau eða ekki. Því getum við ekki skipt okkur af. Listsýningar geta haft áhrif á fólk, heillað það og örvað, þó listin sé ekki þeirra sérgræin. Auðvitað hafa sýningar mikið vægi fyrir listamenn og aðra þá sem starfa við eitthvað svipað – en þeir ferðast yfirleitt mikið. Og listaverkin eru á ferðinni. Svo er það bara spurning hvort vegir þeirra mætast nokkurn tímann!“

Gamalt nútímalistasafn

Nútímalistasafnið Beaubourg er sérstakt, yfir því er ekki mjög hátíðlegur listasafns-bragur. Hver er saga safnsins?

„Saga Beaubourg er löng og flókin, en það er miðstöð ólíkra menningarstofnana; þar koma tónlist, bókmenntir og myndlist saman. Nútímalistasöfn í Frakklandi eiga sér langa sögu, sem má rekja aftur til Karls tíunda Frakklandskonungs, sem var steypst af stóli um 1830. Louvre hýsti listaverk látinna meistara, en annað safn, sem Karl tíundi stofnaði, hýsti verk samtímamálara. Þar erum við kominn með nútímalistasafn, sem hefur verið í Beaubourg, eða Centre Pompidou, síðan 1977.

Sem betur fer er Beaubourg ekki eina safnið sem hefur orðið aðgengilegra á síðustu árum, sú hefur þróunin almennt verið á Vesturlöndum – Louvre er orðið jafnaðgengilegt og Beaubourg. Söfn höfðu á sér orð fyrir

að vera fráhrindandi, jafnvel fjandsamleg almenningsi. Beaubourg var með fyrstu stofnunum til að breyta þeirri ímynd. Ég man eftir því að fljótlega eftir opnunina skrifaði einhver í gestabókina að þarna hefði honum í fyrsta skipti verið leyft að ganga berfætum um listasafn! Þetta er bjánalegt dæmi – en það segir sína sögu. Evrópsk samfélög hafa orðið æ lýðræðislegri á síðustu áratugum, og söfnin eru táknað dæmi um þá þróun.


Mér finnst Beaubourg hafa tekist að verða tákni fyrir nútímalegt Frakkland, það er mannvirki sem fólk þekkir um allan heim. Eins tákni og Eiffeltúrninn var um síðustu aldamót – nema hvað listamiðstöðin er öllu nýtsamari og áhugaverðari helduren turninn.“

Það hefur þurft sterkan pólitískan vilja til að koma Beaubourg á laggirnar?

„Listamiðstöðin hlaut nafn eftir Georges Pompidou forseta: Centre Pompidou, en Beaubourg er gamalt staðarnafn. Pompidou var fyrstur franskra forseta til að reisa mikilvægt menningarlegt minnismerki í París – sem var merkur áfangi, því á þeim tíma voru mörg verkefni í deigluinni, en hans stuðningur gerði þetta mögulegt. Eftir daga Pompidous hafa aðrir forsetar fetað í fótspor hans; til dæmis sá Mitterand til þess að Louvre var endurbætt og Orsay safnið varð til fyrir áegggjan Giscard d'Estaing.“

Stórar menningarstofnanir virðast hafa dít sína gullöld á síðustu tveimur áratugum?

„Samfélög í Evrópu hafa auðgast, og hafa efni á endurbótum á menningarstofnunum sínum. Svo hefur 20. ald-



Alain Sayag: Einsog sannir listamenn er Matta upptekinn af því sem hann er að gera og sækir kraft í það sem hann á eftir að gera – en gert er gert. A-mynd E.Öl

ar list, bæði tónlist og myndlist, verið meðtekin þannig að sátt ríkir um nauðsyn þessara framkvæmda. Síðasta gullöld menningarstofnana Evrópu var síðari hluti síðustu aldar; það er heil öld síðan þessum málum hefur verið veitt athygli. Evrópubúar hafa verið svo uppteknir af styrjöldum á öldinni að þeir hafa hvorki haft tíma né peninga til þess að byggja upp listastofnanir. Eftir fimmtíu ára frið er kominn tími til! Í Vestur-Evrópu hafa ný söfn sprottið upp, en í Suður-Evrópu, til dæmis á Ítalíu, hafa menn látið sér nægja að gera upp það sem fyrir var. Enda af nógu að taka.“

Listin er orðin að formprautum

Þú minnst á að 20. aldar list hafi verið meðtekin – en stendur almenningsi ekki einfaldlega á sama?

„Það er rétt að listamenn eiga erfitt með að fá viðbrögð; það er næsta ómögulegt að hneyksla nokkurn mann! Þeir geta skorðið á púlpa, sallað í blóði eða píssað fyrir framan áhorfendur... fáir kippa sér upp við það. Það er helst að „hefðbundin“ list; falleg blóm, landslag og ástir, geti vakið viðbrögð, hún veldur að minnsta kosti hneykslan í listamannaheiminum. Núna undir lok aldarinnar er allt mögulegt, allt er fánalegt, og það er erfitt að skapa list sem hefur þýðingu og kraft. List verður að hafa þýðingu, án hennar er hún einungis skraut. Mér finnst listamenn vera alltof uppteknir af forminu, listin er orðin að formprautum, sem engir skilja nema atvinnumenn. Framúrstefnan er viðurkennd af stofnunum, og hefur verið skipulögð – vandamálin sem er verið að fást við hafa verið í deigluinni síðan í byrjun aldarinnar. Ég held að vandi nútímalistar sé að alltof margir eru að vinna að sömu hlutunum; í París, London og New York eru miðstöðvar myndlistarinnar, þar sem allt verður ansi keimlíkt. Staðir sem standa aðeins í burtu, einsog til dæmis Ísland, geta þó hörfað, geta skoðað meginstefnuna utanfrá. Það gefur listamönnum tækifæri til að athafna sig frjálsegar. Ég er til dæmis hrifinn af Kjarval, sem er gjörólikur þeirri meginstefnu sem ríkti á hans tíma.“

En eftir að Matta. Hann er fæddur árið 1911 og er enn atorkusamur?

„Hann vinnur alltaf af krafti. Ég held það sé nokkuð algengt að listamenn eigi sitt besta skeið í ellinni – ég nefni Picasso sem dæmi. Á sýningunni á Kjarvalsstöðum eru verk frá síðustu tíu árum, sem eru einkar athygliverð. Verk hans frá stríðsárunum, þegar hann dvaldi í Ameríku, virðast njóta mestrar hylli, en einsog ég nefndi áðan sækjast amerískir safnarar og söfn helst eftir verkum frá því tímabili. Fyrir þeim líður listamannsferill hans undir lok þegar hann yfirgefur landið – sem er afskaplega heimskulegt sjónarhorn.

Kannski nýtur hann sín vel svona lengi vegna þess hve greindur hann er. Listmálarar eru oft ekki mjög greindir; það á við um marga stóra meistara. Gáfan sem þeir hafa er á tilfinningasviðinu, ekki því röklega. Greind getur jafnvel heft þá til stórra verka, ef þeir láta hugsanir hindra framkvæmdir. En Matta hefur getað nýtt sér þennan hæfileika til þess að ná sífellt lengra í list sinni.“